

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1284/91

frá 14. maí 1991

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990, um fargjöld í áætlunarflugi ⁽⁴⁾, og reglugerð (EBE) nr. 2343/90 ⁽⁵⁾ um aðgang flugfélaga að áætlunarflugleiðum innan bandalagsins og skiptingu á sætaframboði, er kveðið á um frekara frjálsræði í fargjöldum í bandalaginu.

Stefna bandalagsins á sviði flutninga í lofti gerir flutningsaðilum kleift að stunda samkeppni á eigin verðleikum og eflir með því atvinnugreinina til hagsbóta fyrir notendur og því þarf framkvæmdastjórnin að geta brugðist skjótt við ef viðskiptahættir flugfélaga stríða gegn samkeppnisreglum og gætu stefnt þjónustu samkeppnisaðila í hættu, eða jafnvel tilvist flugfélags, og valdið með því óbætanlegum skaða á samkeppnismarkaði.

Rétt er að koma á sérstakri málsmeðferð sem nýtist framkvæmdastjórninni til að beita samkeppnisreglunum með skjótari hætti í tilvikum þegar brýnt er að hindra eða bregðast við samkeppnishamlandi viðskiptaháttum.

Þessi málsmeðferð ætti að færa hlutadeigandi fyrirtækjum tækifæri til að leggja fram skriflegar athugasemdir um andmæli sem beint er gegn þeim.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta reglugerð (EBE) nr. 3975/87 ⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3975/87:

⁽¹⁾ OJ nr. C 155, 26. 6. 1990, bls. 7 og OJ nr. C 101, 18. 4. 1991, bls. 19.

⁽²⁾ OJ nr. C 48, 25. 2. 1991, bls. 166.

⁽³⁾ OJ nr. C 41, 18. 2. 1991, bls. 44.

⁽⁴⁾ OJ nr. L 217, 11. 8. 1990, bls. 1.

⁽⁵⁾ OJ nr. L 217, 11. 8. 1990, bls. 8.

⁽⁶⁾ OJ nr. L 374, 31. 12. 1987, bls. 1.

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. a

Bráðabirgðaráðstafanir gegn samkeppnishamlandi viðskiptaháttum

1. Hafi framkvæmdastjórnin augljósar sannanir fyrir því að tilteknir viðskiptahættir stríði gegn 85. eða 86. gr. sáttmálsans, og beinist að því eða leiði beinlínis til þess að flugþjónustu sé stofnað í hættu og nægi ekki að beita venjulegum aðferðum til að verja hlutadeigandi flugþjónustu eða flugfélag, getur hún, með fyrirvara um beitingu 1. mgr. 4. gr., með ákvörðun gripið til bráðabirgðaráðstafana til að tryggja að þessum viðskiptaháttum verði ekki beitt, eða látið sé af þeim, og gefið nauðsynleg fyrirmæli til að koma í veg fyrir þessa viðskiptahætti uns ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 4 gr. er tekin.

2. Ákvörðun sem er tekin samkvæmt 1. mgr. gildir í hæsta lagi í sex mánuði. Ákvæði 5. mgr. 8. gr. gilda ekki.

Framkvæmdastjórnin getur endurnýjað upphaflegu ákvörðunina, breytta eða óbreytta, í þrjá mánuði í hæsta lagi. Í því tilviki gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr.“

2) Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 13. gr.:

„e) að hlíta ráðstöfunum í ákvörðun sem kveðið er á um samkvæmt 4. gr. a.“

3) Í 1. mgr. 16. gr. komi „4. gr. a“ á eftir „4. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J. F. POOS

forseti.